



STYRKARSJÓÐUR UNGRA OG FRAMÚRSKARANDI EFNILEGRA ÍÞRÓTTAMANNA

Starfsreglur

Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna er samstarfsverkefni ÍSí og ráðuneytis íþróttamála og miðar að því að styðja við og efla íþróttaiðkun efnilegs íþróttafólks á aldrinum 15 – 18 ára.

1. gr.: Skipan

Í stjórn sjóðsins sitja átta menn. Framkvæmdastjórn ÍSí skipar sjö þeirra að loknu Íþróttáþingi ÍSí. Auk þess tilnefnir ráðherra íþróttamála einn stjórnarmann. Kjörtímabil stjórnar er samhliða Íþróttáþingum ÍSí eða tvö ár nema annað sé sérstaklega ákveðið. Allir hafa atkvæðisrétt. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

2. gr.: Markmið

Markmið sjóðsins er að styrkja á landsvísu efnilegt íþróttafólk, hvort heldur úr einstaklings- eða flokkaíþróttum, á aldrinum 15 – 18, til að ná því markmiði að verða framtíðarafreksmenn Íslands. Frávik frá þessum aldursmörkum eru heimil með hliðsjón af íþróttagreinum og í nánu samstarfi við sérsambönd og íþróttanefndir ÍSí.

Sjóðurinn styrkir ýmis verkefni sem snúa beint að viðkomandi styrkþega, s.s. til að stunda æfingar og keppni umfram það sem hann annars mundi gera.

Hópiþróttaflokkar (landslið) eru styrkhæfir vegna undirbúnings og/eða þátttöku í úrslitakeppni Evrópumóta eða heimsmeistarakeppni, enda séu viðkomandi landslið talinn framúrskarandi efnileg.

Sjóðurinn getur ennfremur styrkt verkefni, sem beinlínis er hrundið af stað í skipulagðri leit að hæfileikaríku og framúrskarandi efnilegu íþróttafólki.

3. gr.: Skilyrði

Væntanlegur styrkþegi þarf að sýna að hann hafi hæfileika til að ná árangri á alþjóðlegum mælikvarða, samkvæmt skilgreiningu viðkomandi sérsambands/íþróttanefndar ÍSí. Gangast undir skilyrði um reglusemi, stranga æfingaáætlun, nám samhliða íþróttæfingum, sýna stígandi framfarir í íþrótt sinni og vera öðrum góð fyrirmynd.

4. gr.: Umsóknir

Aðeins sérsambönd og íþróttanefndir ÍSí geta sótt um styrkveitingar í sjóðinn. Öll íþróttafélög sem eru aðilar að ÍSí, geta tilnefnt einstaklinga til viðkomandi sérsambands/íþróttanefndar ÍSí sem síðan fer yfir og metur umsóknir sem sendar verða áfram til sjóðsins.

Umsóknir skulu berast stjórn sjóðsins á þar til gerðum eyðublöðum.

Sjóðsstjórn er heimilt að hafa frumkvæði að einstökum styrkveitingum.

Kallað skal eftir umsóknum til sérsambanda og íþróttanefnda ÍSí.



Aðalúthlutun á sér stað í byrjun hvers árs, en sjóðsstjórn er heimilt að taka við umsóknum á öðrum tímapunktum. Allar umsóknir sem berast á þar til gerðum eyðublöðum skulu fá umfjöllun á fundum sjóðsins.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagnar annarra aðila.

Umsóknir, samstarfssamningar og önnur gögn skulu geymd í skjalasafni sjóðsins, sem er í vörslu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Stjórn sjóðsins skal svara skriflega öllum umsóknum sem berast sjóðsstjórninni.

5. gr.: Samningur

Samningur skal gerður við viðkomandi styrkþega þar sem fram koma skyldur sjóðsins, sérsambands/íþróttanefndar ÍSí, íþróttafélags og íþróttamanns. Þar er um að ræða skyldur gagnvart reglum ÍSí um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, siða- og agareglum ÍSí, Ólympíusáttmálanum og önnur þau skilyrði sem samningsaðilar þurfa að undirgangast. Einnig skyldur til að halda æfingadagbók og skil á skýrslum um framgang mála.

Sjóðnum er heimilt að gera allt að 4 ára samning, sem þó er endurskoðaður árlega.

6. gr.: Greiðsla á styrk

Greiðslur vegna samnings um styrk úr sjóðnum eru greiddar við skil á skýrslu og fjárhagslegu uppgjöri, eða samkvæmt nánara samkomulagi. Skulu ákvæði um skiladagsetningar og greiðslur koma fram í samningi sjóðsins við sérsamband/íþróttanefnd ÍSí og styrkþega. Allar greiðslur skulu ganga til sérsambands/íþróttanefndar ÍSí sem greiðir síðan viðkomandi styrkþega með vitund íþróttafélags styrkþegans. Í öllum tilfellum skal vera um greiðslu á kostnaði styrkþega vegna þeirra verkefna sem um er getið í umsókn og/eða samningi. Óheimilt er að verja styrkgreiðslum í almennan eða annan rekstur sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí eða íþróttafélags.

7. gr.: Breyttar forsendur styrkveitinga

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til þess að fella niður styrkveitingar ef aðstæður breytast eða sjóðsstjórn hafa verið gefnar rangar eða villandi upplýsingar.

8. gr.: Fagteymi

Styrkþegum skal tryggður aðgangur að fagteymi ÍSí samkvæmt nánari skilgreiningum sem koma fram í samningi. Meðal annars er þá haft í huga að styrkþegi njóti sérhæfðra leiðbeininga að því er varðar sálfræðilega uppbyggingu.

9. gr.: Eftirlit

Allt eftirlit með hverjum styrkþega, er á höndum viðkomandi sérsambands/íþróttanefndar ÍSí. Stjórn sjóðsins tilnefnir aftur á móti sérstakan tengilið/eftirlitsmann sem hefur yfirumsjón með heildarverkefninu sem slíku. Á milli funda sjóðsstjórnar hefur tengiliðurinn/eftirlitsmaðurinn milligöngu um málefni sem upp kunna að koma á milli annars vegar ÍSí og sérsambands/íþróttanefndar ÍSí og hins vegar á milli styrkþega og sérsambands/íþróttanefndar ÍSí.



10. gr.: Fyrningar

Styrkir eru veittir vegna þeirra umsókna sem berast sjóðnum og skal styrkjum ráðstafað til ákveðinna verkefna/kostnaðarþátta sem um er getið í umsókn og í samningi. Skilagreinar um ráðstöfun styrkja skulu berast sjóðnum eins og getið er um í samningum sjóðsins við sérsambönd/íþróttanefndir ÍSí og íþróttamenn þeirra.

Eigi síðar en undir lok hvers styrksárs skal lokaskilagreinin berast sjóðsstjórn. Hafi hún ekki borist fyrir 1. apríl næsta árs, eða innan þriggja mánaða frá lokum samnings, ber sjóðnum að fella niður þann hluta styrksins sem er ógreiddur. Jafnframt getur sjóðurinn óskað eftir því að styrkþegi (sérsamband/íþróttanefnd ÍSí) og/eða íþróttamaður) endurgreiði þann hluta styrksins sem þá þegar hefur verið greiddur þar sem ekki er ljóst hvernig þeim fjármunum hefur verið varið.

Starfsmaður sjóðsins skal í byrjun apríl ár hvert taka saman lista yfir þá styrki sem fella á niður samkvæmt reglugerð sjóðsins. Skal listinn borinn undir formann Styrktarsjóðs ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna, gjaldkera ÍSí og framkvæmdastjóra ÍSí til samþykktar og staðfestur af framkvæmdastjórn ÍSí. Að því loknu skal styrkþegum tilkynnt um fyrningu styrksins.

11. gr.: Gildistími

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí 4. janúar 2012.